

Númer: 33/2021

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila og annarra sem málið varðar

Efni: Breytingar á lögum nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár

Hinn 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Með því öðlaðist reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR) lagagildi á Íslandi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) metur reglulega gæði lagasetningar og hvort lög sambandsins hafi náð markmiðum sínum með samráði við haghafa og eftirlitsaðila. Niðurstaða slíks samráðs um EMIR var á þá leið að nauðsynlegt væri að draga úr ýmsum kröfum reglugerðarinnar og þá aðallega þeim sem gerðar eru til ófjárhagslegra mótaðila og smærri fjárhagslegra mótaðila auk þess sem aðrar breytingar voru gerðar til að bæta gæði þeirra upplýsinga sem safnað er um afleiðuviðskipti.

Í framhaldinu samþykkti ESB reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/834 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf o.fl. (EMIR Refit). Reglugerðin fékk lagagildi á Íslandi með lögum nr. 56/2021.

Fjárhagslegir mótaðilar

Í upprunalegum texta EMIR reglugerðarinnar voru allir fjárhagslegir mótaðilar gerðir stöðustofnunarskyldir vegna afleiðusamninga sem félundir stöðustofnunarskylduna en það hefur reynst mörgum smærri fjármálafyrirtækjum erfitt að komast að í stöðustofnunarþjónustu hjá miðlægum mótaðila eða stöðustofnunaraðila.

Með EMIR Refit er fjárhagslegum mótaðilum gefinn kostur á að reikna upp árlegt meðaltal heildarfjárhæðar undirliggjandi eignar í afleiðusöfnum sínum og tilkynna til Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnunarinnar (ESMA) og lögbærra yfirvalda fari sú heildarfjárhæð yfir fjárhæðarmörk stöðustofnunarskyldunnar. Séu fjárhagslegir mótaðilar undir þessum fjárhæðarmörkum (FC-) yfir hvern flokk stöðustofnunarskyldra OTC-afleiðna eru þeir undanþegnir stöðustofnunarskyldu. Fari þeir hins vegar yfir þau (FC+), í einum flokki eða fleirum, verða þeir stöðustofnunarskyldir vegna allra flokka OTC-afleiðna í safni þeirra sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Þetta er að miklu leyti sama krafa og gerð er til ófjárhagslegra mótaðila en þeir verða aðeins stöðustofnunarskyldir í þeim flokkum þar sem þeir fara yfir fjárhæðarmörkin (NFC+).

Fjárhæðarmörkin eru:

- einn milljarður evra fyrir skuldabréfaafleiður
- einn milljarður evra fyrir hlutabréfaafleiður
- þrír milljarðar evra fyrir vaxtaafleiður
- þrír milljarðar evra fyrir gjaldmiðlaafleiður
- þrír milljarðar evra fyrir hrávöruafleiður eða aðrar afleiður

Fjárhagslegir mótaðilar, sem kjósa að reikna upp meðaltal heildarfjárhæðar undirliggjandi eignar í afleiðusöfnum sínum, munu þurfa að gera það árlega. Undir þetta falla allir OTC-afleiðusamningar sem fjárhagslegur mótaðili er mótaðili að auk allra þeirra samninga sem aðrar einingar innan sömu samstæðu eru mótaðilar að. Þá gildir einu hvort þeir séu þegar stöðustofnaðir eða ekki, eða hvort tilgangur þeirra sé varnir gegn öðrum stöðum (e. hedging transactions) eða ekki. Kjósi fjárhagslegur mótaðili að reikna ekki upp söfnin sín telst hann FC+ og þ.a.l. stöðustofnunarskyldur. Fyrsta útreikning þessarar heildarfjárhæðar þarf að framkvæma strax í kjölfar gildistöku laganna. Tilkynna þarf lögbærum yfirvöldum um hvort fjárhagslegur mótaðili fari yfir fjárhæðarmörkin og aftur ef hann fer niður fyrir þau. Ekki þarf að tilkynna sérstaklega um niðurstöðu útreiknings sé heildarfjárhæðin undir fjárhæðarmörkum stöðustofnunarskyldunnar. Stöðustofnunarskylda telst virk fjórum mánuðum eftir að fyrrnefnd tilkynning berst lögbæru yfirvaldi og þarf því fjárhagslegur mótaðili að vera búinn að stöðustofna alla stöðustofnunar-skylda OTC-afleiðusamninga innan þess tímafrests.

Sé fjárhagslegur mótaðili undir fjárhæðarmörkum þarf hann samt sem áður að uppfylla kröfur 11. gr. EMIR um aðferðir til að draga úr áhættu OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila.

Breyting er gerð á skilgreiningu EMIR á fjárhagslegum mótaðila á þá leið að rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM) telst fjárhagslegur mótaðili, sé hann með staðfestu innan evrópska efnahagssvæðisins (EES). Auk þess eru sérhæfðir sjóðir (AIF) þriðja lands (utan EES) nú skilgreindir sem fjárhagslegir mótaðilar. Sérhæfðir sjóðir sem stofnaðir hafa verið eingöngu í þeim tilgangi að þjóna einni eða fleiri kaupréttaráætlun starfsmanna eða stofnaðir sem sérstakir verðbréfunaraðilar teljast hins vegar til ófjárhagslegra mótaðila. Verðbréfasjóðir (UCITS) og jafnframt rekstrarfélög þeirra verða áfram fjárhagslegir mótaðilar nema þeir sjóðir sem stofnaðir eru eingöngu í þeim tilgangi að þjóna einni eða fleiri kaupréttaráætlunum starfsmanna. Útreikningar AIF og UCITS sjóða á árlegu meðaltali heildarfjárhæðar undirliggjandi eignar í afleiðusöfnum eru framkvæmdir fyrir hvern sjóð (e. at fund level) og munu rekstraraðilar og rekstrarfélög þurfa að geta sýnt fram á að útreikningarnir leiði ekki til kerfisbundins vanmats á stöðum sjóða í stýringu eða stöðum rekstraraðilans, né að farið sé í kringum stöðustofnunar-skylduna.

Verðbréfamiðstöðvar eru nú skilgreindar sem fjárhagslegir mótaðilar.

Ófjárhagslegir mótaðilar

Skerpt er á ákvæðum 10. gr. EMIR þar sem aðferðarfræði útreikninga ófjárhagslegra mótaðila á árlegu meðaltali heildarfjárhæðar undirliggjandi eignar í OTC-afleiðusöfnum er útfærð nánar. Þar kemur fram að

ófjárhagslegum mótaðila er aðeins skylt að stöðustofna þá flokka OTC-afleiðusamninga þar sem hann fer yfir fjárhæðarmörkin. Áður fyrr hefði ófjárhagslegur mótaðili þurft að stöðustofna alla stöðustofnunarskylda flokka. Ákveði ófjárhagslegur mótaðili að framkvæma ekki þessa útreikninga telst hann NFC+ og því skylt að stöðustofna alla flokka afleiðna.

Stöðustofnunarskyldan

Lífeyriskerfi (e. pension scheme arrangements – PSA) voru undanþegin stöðustofnunarskyldu samkvæmt EMIR reglugerðinni til 16. ágúst 2018. Sú undanþága var framlengd með EMIR Refit um tvö ár (frá gildistöku EMIR Refit í Evrópu 17. júní 2019) til 18. júní 2021 og framkvæmdastjórn ESB jafnframt veitt heimild til að framlengja hana tvívegis um eitt ár í senn.

Íslenskir lífeyrissjóðir falla undir skilgreiningu lífeyriskerfa í EMIR og munu því þurfa að framkvæma útreikninga á árlegu meðaltali heildarfjárhæðar undirliggjandi eignar í OTC-afleiðusöfnum þegar fyrrnefnd undanþága rennur út.

Skylda um skýrslugjöf til afleiðuviðskiptaskrár

Ákvæði um skýrslugjöf (9. gr. EMIR) hefur tekið umtalsverðum breytingum með EMIR Refit. Tímamörk upphafs skýrslugjafarskyldunnar hafa verið færð frá 16. ágúst 2012 til 12. febrúar 2014 og skyldan til að skila upplýsingum um eldri samninga sem voru virkir fyrir gildistöku EMIR (e. backloading obligation) fellur þar með úr gildi. Samsvarandi tímabil var 1. júlí 2017 til 1. október 2018 á Íslandi við gildistöku laga nr. 15/2018 um afleiðuviðskipti.

Eftir gildistöku EMIR Refit þarf ekki lengur að tilkynna til afleiðuviðskiptaskrár um afleiðusamninga sem stofnað er til milli mótaðila innan sömu samstæðu þar sem annar þeirra er ófjárhagslegur mótaðili, að því tilskyldu að:

- báðir mótaðilar séu að fullu hluti af sömu samstæðu,
- báðir mótaðilar lúti fullnægjandi, miðlægum áhættumats-, mælingar- og eftirlitsferlum og
- móðurfélagið sé ekki fjárhagslegur mótaðili.

Fjárhagslegum mótaðilum er nú skylt að tilkynna um afleiðuviðskipti fyrir ófjárhagslega mótaðila sem eru undir fjárhæðarmörkunum (NFC-), á þeim OTC-afleiðusamningum sem þeir gera sín á milli, óski þeir síðarnefndu eftir því. Fjárhagslegu mótaðilarnir verða því ábyrgir fyrir skýrslum sem þeir senda fyrir hönd ófjárhagslegra mótaðila. Ófjárhagslegur mótaðili skal jafnframt veita fjárhagslegum mótaðila þær upplýsingar um OTC-afleiðusamningana milli þeirra sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að fjárhagslegi mótaðilinn búi yfir. Ófjárhagslegur mótaðili ber ábyrgð á að tryggja að þessar upplýsingar séu réttar.

Samkvæmt EMIR Refit bera rekstrarfélög verðbréfasjóða ábyrgð á, þ.m.t. lagalega ábyrgð, að tilkynna um OTC-afleiðusamninga til afleiðuviðskiptaskrár sem verðbréfasjóðir í rekstri þeirra eru mótaðilar að, og tryggja að upplýsingar séu réttar. Sama á við um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og skýrslugjöf vegna sjóða í rekstri þeirra.

Aðilar sem málið varðar eru hvattir til að kynna sér hina nýju löggjöf vel og bent á að hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið emir@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,


SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson

Framkvæmdastjóri

Markaðir og viðskiptahættir



Hörður Tulinus

Sérfræðingur í markaðsgreiningu

Markaðir og viðskiptahættir